

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2025 var lagður fram í dag.

Hálfsársuppgjör Landsnets – janúar til júní 2025 - Traustur rekstur og spennandi tímar framundan

Rekstur Landsnets gekk vel á fyrstu sex mánuðum ársins og er í samræmi við áætlanir. Hagnaður félagsins á tímabilinu nam 11,5 milljónum USD. Endurgreiðslur á innmötunargjaldi höfðu áhrif á niðurstöður ársins.

Ragna Árnadóttir forstjóri Landsnets:

„Það eru krefjandi tímar framundan við að styrkja og byggja upp flutningskerfið til framtíðar. Árshlutauppgjórið sem nú er lagt fram endurspeglar góða fjárhagslega stöðu Landsnets. Á fyrri helming ársins eru tekjur félagsins lægri en á sama tímabili í fyrra og koma þar fram áhrif af endurgreiðslu innmötunargjalds í kjölfar dóms Hæstaréttar. Áætlanir gera ráð fyrir að rekstrarniðurstaða félagsins í lok árs verði í takti við niðurstöður fyrri ára.

Verkefni ársins eru mörg og flest öll á áætlun. Þau hafa snúið að eldsumbrotum á Reykjanesi og stórum fjárfestingum sem tryggja afhendingaröryggi raforku til framtíðar. Suðurnesjalína 2 er nú komin í biðstöðu vegna dómsmála. Þrír nýir sæstrengir voru lagði í sumar, tveir til Vestmannaeyja og einn yfir Arnarfjörð, strengir sem allir munu bæta afhendingaröryggi til muna. Áfram eru áskoranir í aðfangakeðjunni sem tengjast bæði verðhækkunum og mikilli samkeppni um aðföng á heimsvísu.“

Helstu atriði árshlutareiknings:

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 11,5 millj. USD (1.534,8 millj.kr)¹ fyrstu 6 mánuði ársins 2025 samanborið við 21,1 millj. USD (2.805,3 millj.kr) á sama tímabili árið 2024. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 28,0 millj. USD (3.726,8 millj.kr) samanborið við 34,9 millj. USD (4.650,5 millj.kr) árið áður.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 1.250,1 millj. USD (151.677,5 millj.kr) samanborið við 1.236,2 millj. USD (149.984,0 millj.kr) í lok árs 2024. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 681,7 millj. USD (82.713,1 millj.kr) samanborið við 661,2 millj. USD (80.226,1 millj.kr) í lok árs 2024.

Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 45,5% samanborið við 46,5% í lok ársins 2024. Eigið fé í lok tímabilsins nam 568,4 millj. USD (68.964,5 millj.kr) samanborið við 574,9 millj. USD (69.758,0 millj.kr) í lok árs 2024.

Handbært fé í lok júní nam 48,8 millj. USD (6.490,8 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 28,2 millj. USD (3.754,7 millj.kr).

Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við meðaltal miðgengis Seðlabanka fyrir tímabilið USD/ISK 133,08 fyrir rekstrartölur en lokagengi miðgengis Seðlabanka þann 30. júní 2025 USD/ISK 121,33 fyrir efnahagstölur.

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	91.757	92.394	84.082	87.522
Rekstrargjöld	(63.753)	(57.449)	(54.187)	(54.807)
Rekstrarhagnaður	28.004	34.945	29.895	32.715
Hrein fjármagnsgjöld	(13.533)	(8.255)	(11.463)	(8.501)
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélags	(40)	(28)	165	103
Hagnaður fyrir tekjuskatt	14.431	26.662	18.597	24.317
Tekjuskattur	(2.898)	(5.582)	(3.690)	(4.846)
Hagnaður	11.533	21.080	14.907	19.471

Fjárhæðir eru í þús. USD	30.6.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	1.158.556	1.121.817	1.027.814	972.882
Veltufjármunir	91.568	114.349	85.760	59.468
Eignir samtals	1.250.124	1.236.166	1.113.574	1.032.350
Eigið fé	568.404	574.944	507.500	482.281
Langtímaskuldir	601.453	603.445	542.538	496.300
Skammtímaskuldir	80.267	57.777	63.536	53.769
Eigið fé og skuldir samtals	1.250.124	1.236.166	1.113.574	1.032.350

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	28.214	45.137	39.433	41.843
Fjárfestingahreyfingar	(54.112)	(30.134)	(26.555)	(20.155)
Fjármögnunarahreyfingar	(8.726)	9.432	12.202	(18.412)
Áhrif gengisbreytinga	4.556	(199)	1.356	414
Handbært fé í ársbyrjun	78.842	54.324	26.325	25.224
Handbært fé í lok tímabils	48.774	78.560	52.761	28.914

Fjárhæðir eru í þús. USD	1.1.-30.6.2025	1.1.-30.6.2024	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022
Helstu kennitölur				
EBITDA	46.943	53.286	47.816	49.312
	30.6.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022
Eiginfjárhlutfall	45,5%	46,5%	45,6%	46,7%

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála og árangurs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu guðlaugs@landsnet.is

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.